



Sveitarfélagið
ÁRBORG

**Við hugsum áður
en við hendum**

2019

Breytingar á sorphirðu í Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur ákveðið að stíga skref í átt að umhverfisvænna samfélagi með því að auka flokkun frá heimilum og stofnunum í sveitarfélaginu og draga þannig úr sormagni sem fer til urðunar.

Breytingarnar taka gildi í byrjun mars 2019 en þá verður þriðju tunnunni bætt við heimili sveitarfélagsins. Íbúum sveitarfélagsins gefst þá kostur á að flokka pappír, pappa, plastumbúðir og smáa málmluti í bláu tunnuna og lífrænan eldhúsúrgang í brúnu tunnuna. Óendurvinnanlegur úrgangur fer svo í gráu tunnuna. Nánari upplýsingar um hvernig skuli flokka, eru að finna í miðopnu þessa handbókar.

Losunartíðni á tunnunum mun í kjölfarið breytast og verða allar tunnur losaðar á þriggja vikna fresti eftir breytingar.

Við breytingarnar eykst endurvinnsla frá heimilum í Árborg til muna. Innihald bláu tunnunnar er flokkað frekar hjá ÍGF og sent til endurvinnslu. Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar ekki til endurvinnslu og ætti að fara með almennu sorpi í gráu tunnuna.

Lífræni eldhúsúrgangurinn í brúnu tunnunni er nýttur til jarðgerðar, þ.e.a.s. búin er til molta sem er næringarríkur jarðvegsbætur sem t.d. nýtist vel til landgræðslu og í skógrækt.

Það er til mikils að vinna að flokka og minnka magn þess úrgangs sem fer í urðun og draga þannig úr kostnaði og spara auðlindir, umhverfinu og íbúum til hagsbóta.

*Bestu kveðjur,
starfsfólk Íslenska Gámafélagsins.*



Flokkun í bláu tunnuna



Bláa tunnan er fyrir endurvinnanlegan heimilisúrgang.

Dæmi: Bylgjupappi, dagblöð og tímarit, fernur, plastumbúðir og minni málmhlutir, s.s. sprittkertakoppar og niðursuðudósir.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt leiðbeiningum á miðopnu handbókarinnar, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

ATH! Innihald Bláu tunnunnar er ekki rusl. Hreinsa þarf plastumbúðir og skola fernur. Frauðplast á ekki að fara í Bláu tunnuna.

Flokkun í brúnu tunnuna



Brúna tunnan er fyrir lífrænan eldhúsúrgang og í hana mega fara allir matarafgangar sem falla til á heimilinu. **Dæmi um lífrænan úrgang frá heimilum er afskurður af ávöxtum, eldaðir kjöt- og fiskafgangar, brauðmeti, kaffikorgur, tannstönglar, tepokar.** Stór bein eiga ekki að fara í brúnu tunnuna þar sem niðurbrot þeirra er afar hægt.

Mikilvægt er að nota maíspoka í lífræna ílátið þar sem plastpokar brotna ekki niður í jarðgerðinni.

Flokkun í gráu tunnuna



Í **gráu tunnuna** fer úrgangur sem ekki hefur skilgreindan endurvinnsluferil.

Dæmi: Bleyjur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), óhreinar umbúðir, stór bein o.fl. **Æskilegt er að gler sé flokkað og skilað á gámasvæði.**

Bláa tunnan

Flokkunartafla

Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur



Bylgjupappi

Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. Fer beint í **bláu tunnuna**, án umbúða.



Dagblöð og tímarit

Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í **bláu tunnuna**, án umbúða



Sléttur pappi / fernur

Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. Fer beint í **bláu tunnuna**, t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.



Plastumbúðir

Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilma.

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **bláu tunnuna** í gegnsæjum plastpoka. Stærri hlutir fara beint í tunnuna.



Málmar

Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. Má fara beint í **bláu tunnuna**.

Brúna tunnann

Flokkunartafla



Lífrænn heimilisúrgangur

Í **brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna. Stór bein mega ekki fara í brúnu tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrión o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Tannstönglar



Afskorin blóm



Eldhúspappír




Stór bein eru bönnuð

Gámasvæði

Flokkun

1. Grófur úrgangur
2. Grófur úrgangur
3. Málmar/járn
4. Stór raftæki
5. Ólitað timbur
6. Litað timbur
7. Litað timbur
8. Dekk
9. Plast
10. Sjónvörp
11. Gler
12. Pappír
13. Blaðagámur
14. Heimilissorp
15. Dýrahrae
16. Rauði krossinn
17. Lítil raftæki
18. Spilliefni
19. Rafgeymar
20. Ísskápar/frystikistur
21. Heyrúllplast
22. Garðaúrgangur



15

16

17

18

19


19

20

21

Gámasvæðið Árborgar er að Víkurheiði 4. Gámasvæðið er opið frá kl. 13:00-17:00 alla virka daga og laugardaga. Tekið á móti öllum flokkum **bláu tunnunnar** auk þess spilliefnum, timbri, rafhlöðum og

rafgeymum, gleri, postulini, ljósaperum, stórum og litlum raftækjum, skilgjalds-skyldum umbúðum, heyrúllplast, hjól-börðum og fleiru.



Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og háлкуverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálka getur verið varasöm.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Það er hættu á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Skila má úrgangi sem ekki rúmast í tunnunum á gámasvæði sveitarfélagsins.



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

Vissir þú...

...að með því að jarðgera lífrænan eldhúsúrgang nýttast næringarefni frá matarleifum til uppgræðslu og ræktunar?



Losunardagatal 2019

*Birt með fyrirvara um breytingar.

Mars

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Apríl

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Máí

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Júní

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

Júlí

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Ágúst

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

September

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Október

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Nóvember

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Desember

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				



Gráa tunnan - Selfoss/Eyrbakkir
Bláa tunnan - Selfoss/Eyrbakkir
Brúna tunnan - Selfoss/Eyrbakkir

Gráa tunnan - Selfoss/Stokkseyri
Bláa tunnan - Selfoss/Stokkseyri
Brúna tunnan - Selfoss/Stokkseyri

Gráa tunnan - Búgarðabyggð/dreifbýli
Bláa tunnan - Búgarðabyggð/dreifbýli
Brúna tunnan - Búgarðabyggð/dreifbýli